

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1148 Samherji fiskeldi ehf. Núpum, Ölfus	Glerárgata 30 600 Akureyri				
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	22.5.2020	22.5.2020	1,00	0,00	0,00
Frestur til úrbóta					
22.5.2020					

Aðrar athugasemdir

Eftirfylgni skoðun vegna útgáfu rekstrarleyfis Samherja að Núpum.

Lagfærð hafa verið öll þau atriði sem sett var út á í úttekt vegna útgáfu rekstrarleyfis sem fram fór 18.5.2020.

Mun leyfið vera gefið út í framhaldi af þessu.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnssýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnssýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Samherji fiskeldi ehf. Núpum, Ölfus
Glerárgata 30
600 Akureyri
Staða: Umsókn
Kennitala: 6104061060

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2

Tengiliðir

Heiðdís Smáradóttir	6609010	heidis@samherji.is	Gæðastjóri
---------------------	---------	--------------------	------------

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Í lagi

Sett inn: 18.05.2020

Að minnsta kosti 5 lifandi fiska var að sjá í settanki í frárennsli stöðvarinnar. Þeir voru frekar stórir miðað við stærð fiskanna sem eru í stöðinni og má gera ráð fyrir því að þeir hafi verið þarna í smá tíma. Engar skýringar voru á því hvernig fiskurinn hefur komist þangað.

Fjarlægja skal fiskana úr settjörn sem allra fyrst.

Fiskar voru fjarlægðir úr settjörn 22.5.2020

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Í lagi

Sett inn: 18.05.2020

Uppfæra þarf tilkynningarskyldu í viðbragðsáætlun um slysasleppingar sem staðsett er á starfsstöð. Ef slysaslepping kemur upp þarf að tilkynna atburðinn til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga skv. 13. gr. í lögum nr. 71/2008.

Uppfærð var viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga mánudaginn 18.5.2020

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.